

AUGLÝSING

um íbúðabyggð í Leirvogstungu, frístundalóð við Silungatjörn og skipulagsbreytingu í miðbæ, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur í umboði bæjarstjórnar þann 6. júlí 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt eftirtalдар deiliskipulagsáætlanir:

Íbúðabyggð í Leirvogstungu.

Skipulagssvæðið er alls um 54,8 ha og afmarkast af Vesturlandsvegi, Köldukvísl, íþróttasvæði á Tungubökkum og Leirvogsá. Innan þess er gert ráð fyrir rúmlega 400 íbúðum í sérbyli auk einnar skólastofnunar.

Frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrárnúmer 90003130.

Skipulagið gerir ráð fyrir að á lóðinni sem er 6.725 m² að stærð megi reisa allt að 90 m² frístundahús auk 20 m² geymsluhúss.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Á sama fundi samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga tillögu að minniháttar *breytingu á deiliskipulagi miðbæjar*, sem felur í sér að í húsinu þverholti 3 verður heimilt að innrétta 2 íbúðir á jarðhæð. Mosfellsbær hefur lýst því yfir að hann muni bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytingarinnar.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F. h. Mosfellsbæjar, 17. júlí 2006,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.